

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 140**  
**birtingar á innköllunum gamla skuldabryjefa.** — Út af fyrirspurn frá bæjarfóget- 26. nóv.  
 anum í Reykjavík, er þjer, herra amtmaður, hafið beint til mín með brjefi  
 dags. í dag, um það, hvort innkallanir þær, sem um ræðir í 2. gr. laga 16.  
 sept. 1893 um sjerstaka heimild til þess að afmá veðskuldbindingar úr veðmála-  
 bókkum, eigi að birtast í Berlingatíðindum auk þess blaðs hjer á landi, sem  
 opinberar auglýsingar eru birtar í, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð,  
 til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum, að með því að  
 skoða mun verða ákvæði fyrstu greinar laganna um, að auglýsingar  
 þær, sem eru skilyrði fyrir afmáning síðari veðrjetta, sem veðið ekki hefur  
 hrokkið til að fullnægja, skuli einungis birtar hjer á landi, sem sjerstakt und-  
 antekningarákvæði, og með því að auk þess mun verða að teljast venja,  
 að stefnur til ógildingardóma sjeu birtar samkvæmt reglum þeim, er þar um  
 gilda í Danmörku, sbr. op. br. 27. maí 1859 og op. br. 9. maí 1855, þá er það  
 álit mitt, að samkvæmt fyrirmælum 2. greinar laganna og nýnefndum ákvæðum  
 beri að birta hinar umræddu innkallanir í Berlingatíðindum í Kaupmannahöfn,  
 auk þess, sem þær ber að auglýsa í blaðinu »Ísafold«.

**Brjef landshöfðingja til biskups um bráðabirgðauppbót handa prestakalli.** — 141  
 (Agrip). — Með brjefi þessu var Eyvindarhólaprestakalli í Rangárvallaprófasts- 18. des.  
 dæmi veitt bráðabirgðauppbót af tje því, sem um ræðir í fjárlaganna 13. gr.  
 A. b. 2, að upphæð 200 kr., fyrir yfirstandandi fardagaár.

**Brjef landshöfðingja til biskups um skiptingu Stokkseyrarsóknar.** — Eptir 142  
 að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 21. f. m. og þar með 24. des.  
 fylgjandi erindi frá sóknarnefnd Stokkseyrarsóknar, er inniheldur nauðsynlegar  
 skýringar á tillögu nefndarinnarinnar um skiptingu Stokkseyrarsóknar, dags.  
 24. okt. þ. á., vil jeg hjer með samkvæmt tillögu yðar og samkvæmt 4. gr.  
 laga nr. 3, 27. febr. 1880, sbr. ráðh.br. 5. maí 1887, samþykkja :

1. að Stokkseyrarsókn sje skipt í 2 sóknir, er nefnist Eyrarbakkasókn  
 og Stokkseyrarsókn, þannig, að til Eyrarbakkasóknar teljist bærinn Óseyrarnes  
 ásamt Eyrarbakkaverzlunarstað allt að Litlahrauni, en í Stokkseyrarsókn ráði  
 Litlahraun mörkum að vestan og hin gömlu mörk hinnar núverandi Stokks-  
 eyrarsóknar að austan;

2. að eignir og skuldir Stokkseyrarkirkju eins og þær verða þegar  
 skipti fara fram, að undanteknum kirkjuhúsum, ornamentis og instrumentis,  
 skiptist jafnt milli hinna nýju sókna;

3. að hvor hinna nýju sókna hafi, að aflokinni skiptingu, sinn aðskilda  
 fjárhag, þannig, að Eyrarbakkakirkja hljóti allar tekjur af Eyrarbakkasókn og  
 Sfokkseyrarkirkja af Stokkseyrarsókn.

- 142** Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta til þóknanlegrar leið-  
 24. des. beiningar og frekari birtingar, skal því viðbætt, að eins og þjer hafið tekið fram, er það vitaskuld, að kosning sú á safnaðarfulltrúum og sóknarnefndum fyrir hinar nýju sóknir, sem fram hefur farið fyrir fram, er ógild, nema hún verði staðfest eptir á löglegum safnaðarfundum, eptir að skiptingin er komin í kring.

143

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld Múnkaþverárklosturskirkju fardagaárið 1893—1894.

Tekjur:

|  |                 |
|--|-----------------|
| 1. Fasteignartíundir 91,6 hndr. 27 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> al. á 46 a. . . . . | kr. 12,65       |
| 2. Lausafjártíundir 295 hndr. 88 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> al. á 46 a. . . . .   | — 40,71         |
| 3. Ljóstollar 33 heilir á 4 pd. tólgar 132 pd. á 27 a. . . . .                     | — 35,64         |
| 4. Legkaup 21 al. á 46 a. . . . .  | — 9,66          |
|  | <hr/> kr. 98,66 |

Gjöld:

|   |                 |
|---|-----------------|
| 1. Til lýsingar og fyrir umsjón á kirkjunni . . . . . | kr. 19,66       |
| 2. Messuvín . . . . .                                 | — 3,20          |
| 3. Aðgerð á glugga . . . . .                          | — 1,00          |
| 4. Endurskoðun þessa reiknings . . . . .              | — 1,38          |
| 5. Borgað í landssjóð . . . . .                       | — 73,42         |
|   | <hr/> kr. 98,66 |

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 20. nóvember 1894.

*Kl. Jónsson,*  
 settur.

144

## Reikningur

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1893 til 31. ágúst 1894.

Tekjur:

|   |                     |
|---|---------------------|
| 1. Eptirstöðvar 1. september 1893 (Stj.tíð 1893 B 207. bls.):   |                     |
| a. innritunarskirteini Ltra A-fol. 84 . . . . .   | kr. 8600,00         |
| b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . .   | — 643,75            |
| 2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:  |                     |
| a. af innritunarskýrteini til <sup>11</sup> / <sub>8</sub> '94 á 3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> pct. . . . . | kr. 301,00          |
| b. — innstæðu í landsbankanum til <sup>31</sup> / <sub>12</sub> '93 . . . . .                               | — 26,72             |
|   | <hr/> 327,72        |
|   | Samtals kr. 9571,47 |